

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

226. FUNDUR.

226. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 12. desember 2013 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð. Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá kosningar undir 9. lið. Samþykkt samhljóða.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.

Fundargerð 812. fundar frá 11. nóvember sl. Fundargerð í 11 liðum Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 813. fundar frá 18. nóvember sl. Fundargerð í 3 liðum Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 814. fundar frá 25. nóvember sl. Fundargerð í 6 liðum Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 815. fundar frá 2. desember sl. Fundargerð í 10 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 2. lið fundargerðarinnar „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela sveitarstjóra, oddvita og Elínu R. Líndal að auglýsa eftir áhugasömum aðilum til að annast matseld fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra á Hvammstanga og Laugarbakka frá og með haustinu 2014 samhlíða því að reka veitingahús á heilsársgrundvelli á Hvammstanga.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 4. lið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að álagningarhlutfall útsvars á árinu 2014 verði 14,48% þrátt fyrir að á Alþingi sé í undirbúningi tillaga til breytingar á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga sem gerir ráð fyrir heimild til sveitarfélaga um hækkun hámarksútsvars í 14,52%. Gangi lagabreytingin eftir mun álagningarhlutfall tekjuskatts lækka um samsvarandi hlutfall þ.e. 0,04%. Þar sem sveitarstjórn Húnaþings vestra mun ekki nýta heimild til hækkunar útsvars munu útsvarsgreiðendur í sveitarfélaginu njóta þessarar lækkunar í formi greiðslu lægri skatta.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 10. lið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela sveitarstjóra, oddvita og sviðsstjóra fjölskyldusviðs að leggja niðurstöðu viðræðna um endurskoðun samnings við Reykjatanga ehf. um rekstur skólabúða að Reykjum í Hrutafirði fyrir sveitarstjórn.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

Fundargerð 816. fundar frá 9. desember sl. Fundargerð í 3 liðum Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Fundargerð félagsmálaráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 142. fundar frá 27. nóvember sl. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð fræðsluráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 144. fundar frá 4. desember sl. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð landbúnaðarráðs. Formaður kynnti.

Fundargerð 122. fundar frá 20. nóvember sl. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Fundargerðir skipulags- og umhverfissráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 228. fundar frá 26. nóvember sl. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 229. fundar. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 230. fundar. Fundargerð í 4 liðum. 1. 2. og 4. liðir fundargerðarinnar bornir upp og samþykktir með 7 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 3. lið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir fela sveitarstjóra og sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs, í samráði við starfsmenn Landmótunar, að undirbúa og auglýsa íbúafund í janúarmánuði nk. um nýtt Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Fundargerðir ungmennaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 13. fundar frá 18. nóvember sl. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 14. fundar frá 2. desember sl. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

7. Stofnun byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks.

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að gerast aðili að byggðasamlagi um málefni fatlaðs fólks á grundvelli 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Aðilar að byggðasamlaginu eru: Akrahreppur, Blönduósþing, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd. Miðað er við að stofnfundur byggðasamlagsins verði haldinn fyrir lok janúar 2014. Sveitarstjórn veitir Skúla Þórðarsyni, sveitarstjóra umboð til þess að sækja stofnfundinn og staðfesta aðild sveitarfélagsins með undirritun samþykta sem eru stofnskjál byggðasamlagsins, skv. 94. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Umboðið nær einnig til áritunar stofnefnahags, með fyrirvara um breytingar sem kunna að verða á því skjali.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

8. Viðauki við fjárhagsáætlun Húnaþings vestra 2013.

Lögð fram eftirfarandi tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2013 „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðan viðauka sem er tilkominn vegna aukakostnaðar við göngur og leitarstörf, sjá fundargerð byggðarráðs nr. 815 að veita fjallskiladeild Víðdælinga styrk að upphæð kr. 486.000 og fjallskiladeild Miðfirðinga styrk að upphæð kr. 412.000.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að millifæra af ráðstöfunarfé ungmennaráðs kr. 190.000 yfir á búnaðarkaup í íþróttahúsi kr. 45.000, á húsgagnakaup í grunnskóla kr. 105.000 og á stýrihóp um forvarnir kr. 40.000, sjá fundargerðir byggðarráðs nr. 814 og 808. Útgjöldum vegna fjallskiladeilda kr. 898.000 verði mætt með lækkun á handbæru fé.“
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

9. Kosningar.

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að tilnefna Sigurbjörgu Jóhannesdóttur varamann í stjórn Félags áhugamanna um endurbyggingu Riishúss á Borðeyri í stað Stefáns Böðvarssonar.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

10. Skýrsla sveitarstjóra.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl.17:10

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir..

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari